

Minnisblað um fræðslu- og félagsþjónustu

Dagsetning:	22. október 2021
Verkkaupi:	Akrahreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður
Efni:	Fræðslu- og félagsþjónusta. Drög til umræðu á íbúafundum.
Viðtakandi:	Samstarfsnefnd
Höfundur:	Róbert Ragnarsson, Freyja Sigurgeirsdóttir og Gunnar Úlfarsson, RR ráðgjöf

Aðdragandi

Á fundi samstarfsnefndar um mögulega sameiningu sveitarfélaga í Skagafirði þann 30. september sl. var núverandi staða fræðslu- og félagsmála í Skagafirði rædd. Gestir fundarins voru Steinunn Arnljótsdóttir, leikskólastjóri Birkimels, Hanna Dóra Björnsdóttir, skólastjóri Varmahlíðarskóla, Herdís Sæmundardóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, félagsmálastjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Umræðu í málaflokknum var frestað til næsta fundar nefndarinnar en þann 11. október voru mögulegar breytingar ræddar, ef til sameiningar sveitarfélaganna kæmi. Gestir fundarins voru þeir sömu og 30. september auk Selmu Barðdal Reynisdóttur, fræðslustjóra Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Skólastarf

Sveitarfélagið Skagafjörður annast alla framkvæmd skólastarfs í Skagafirði á grundvelli samnings milli Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar um framkvæmd verkefna. Meðal þeirra verkefna sem Sveitarfélagið Skagafjörður annast fyrir Akrahrepp er þjónusta grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla.

Sveitarfélagið Skagafjörður rekur þrjá leikskóla:

- **Leikskólinn Ársalir, Sauðárkróki**
 - 164 börn
 - 53,7 stöðugildi
 - 9 deildir (í tveimur húsum)
- **Leikskólinn Birkilundur, Varmahlíð.**
 - 37 börn
 - 14,2 stöðugildi
 - 3 deildir (í tveimur húsum)
 - Nemendur úr Akrahreppi sækja nám í Birkilundi.
- **Leikskólinn Tröllabörg** sem er rekinn á tveimur starfsstöðvum, Barnaborg á Hofsósi og Brúsabær á Hólum í Hjaltadal.
 - 13 börn á Hofsósi og 14 börn á Hólum
 - 11,7 stöðugildi
 - 2 deildir (ein á hvorum staðnum)

Sveitarfélagið Skagafjörður rekur þrjá grunnskóla:

- **Árskóli, Sauðárkróki**
 - o 365 börn
 - o 66,4 stöðugildi (með 0,5 í vinaliða)
- **Varmahlíðarskóli, Varmahlíð.**
 - o 103 börn
 - o 27,8 stöðugildi
 - o Nemendur úr Akrahreppi sækja nám í Varmahlíðarskóla.
- **Grunnskólinn austan Vatna, á Hólum í Hjaltadal og Hofsósi**
 - o 16 börn á Hólum og 55 börn á Hofsósi
 - o 19,7 stöðugildi

Sveitarfélagið Skagafjörður annast rekstur Tónlistarskóla Skagafjarðar sem hefur aðalsetur á Sauðárkróki en sinnir tónlistarkennslu í öllum Skagafirði. Kennslustaðir skólans eru fjórir en kennarar skólans fara á milli kennslustaða eftir þörfum en þó eru ekki allir kennarar sem starfa á öllum stöðum. Kennsla fer fram í öllum grunnskólum sveitarfélagsins og nemendur úr Akrahreppi hafa fullt aðgengi að tónlistarskólanum. Við skólann er einn skólastjóri og 10 starfsmenn (8,3 stöðugildi með stjórnanda). 146 nemendur stunda nú nám við Tónlistarskólann.

Félagsþjónusta

Samkvæmt áðurnefndum samstarfssamningi Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar er ekki gert ráð fyrir því að Sveitarfélagið Skagafjörður sinni félagsþjónustu fyrir hönd Akrahrepps með sama hætti og fræðsluþjónustu.

Samstarf sveitarfélaganna

Barnavernd Skagafjarðar er sameiginleg fyrir sveitarfélögin tvö. Sveitarfélagið Skagafjörður kys fjóra fulltrúa í nefndina en Akrahreppur einn. Sveitarfélagið Skagafjörður annast rekstur og stjórnýslu barnaverndarmála á grundvelli samstarfssamningsins en Akrahreppur tekur ákvarðanir um veitingu þjónustu á grundvelli barnaverndarlaga, nr. 80/2002. Samkvæmt samningnum getur Akrahreppur keypt sérfræðiþjónustu af Sveitarfélaginu Skagafirði en fyrir þá þjónustu greiðir Akrahreppur mánaðarlega reikninga sem byggðir eru á skráðum tímum hjá Sveitarfélaginu Skagafirði. Akrahreppur greiðir einnig aksturskostnað starfsmanna Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna þjónustu við íbúa Akrahrepps. Sveitarfélögin greiða kostnað vegna bakvaktar barnaverndar í hlutfalli við íbúafjölda.

Á grundvelli samningsins annast Sveitarfélagið Skagafjörður auk þess rekstur dagdvalar aldraðra og akstursþjónustu vegna hennar sem íbúar Akrahrepps hafa aðgang að. Skipting kostnaðar er í sama hlutfalli og innsendur dagafjöldi til Sjúkratrygginga Íslands. Akrahreppur greiðir hlutfall umframkostnaðar vegna rekstursins og tilheyrandi aksturs í samræmi við nýtingu íbúa sinna. Íbúar Akrahrepps hafa einnig aðgang að starfsemi fyrir aldraða í Húsi frítímans á Sauðárkróki. Kostnaði vegna þeirrar starfsemi er skipt milli sveitarfélaganna í samræmi við 2,25% hlutfall sem greitt er af hálfu Akrahrepps.

Sveitarfélögin eru aðilar að samningi um Sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk. Samningurinn byggir á lögum um þjónustu við fatlað fólk með

langvarandi stuðningsþarfir Aðildarsveitarfélög samningsins, fyrir utan Akrahrepp og Sveitarfélagið Skagafjörð eru:

- Blönduósbær
- Húnavatnshreppur
- Húnaþing vestra
- Skagabyggð
- Sveitarfélagið Skagaströnd

Sveitarfélagið Skagafjörður er leiðandi sveitarfélag samningsins og annast heildstæða þjónustu við fatlað fólk samkvæmt ákvæðum laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Sveitarfélagið tekur, samkvæmt samningnum, að sér að reka eftirfarandi þjónustustofnanir til að veita þjónustuna:

- Sólarhringsþjónusta við fatlað fólk á heimilum
- Iðja – Hæfing
- Skammtímadvöl
- Stoðþjónusta umfram 15 tíma á viku

Auk þess veitir sveitarfélagið þjónustu í formi samninga um:

- Stuðningsfjölskyldur
- Notendastýrða persónulega aðstoð
- Notendasamninga

Sveitarfélagið Skagafjörður

Félagsþjónusta Sveitarfélagsins Skagafjarðar sinnir eftirfarandi þjónustu fyrir íbúa sveitarfélagsins, á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga um málefni fatlaðs fólks:

- Félagsleg ráðgjöf
- Sérstakur húsnæðisstuðningur
- Heimaþjónusta
- Félagslegt leiguhúsnæði

Í gildi eru reglur um fjárhagsaðstoð¹, reglur um húsnæðismál² og reglur um sérstakan húsnæðisstuðning.³ Íbúar sveitarfélagsins greiða fyrir heimaþjónustu skv. eftirfarandi gjaldskrá:

Gjaldskrá heimaþjónustu 2021					
		Tekjur undir: gjaldfrí	Tekjur undir: greiðir 1/3 gjald	Tekjur undir: greiði 1/2 gjald	Tekjur yfir: greiði fullt gjald
	Viðmið kr. 3.144				
Fjölsk. gerð	Einstaklingur	333.258 kr.	499.887 kr.	583.202 kr.	583.202 kr.
	Hjón/samb, fólk	499.887 kr.	749.831 kr.	874.802 kr.	874.802 kr.
Gjald	Einstaklingur	0 kr.	1.048 kr.	1.572 kr.	3.144 kr.
	Hjón/samb, fólk	0 kr.	1.048 kr.	1.572 kr.	3.144 kr.
	tekjur á ári - einst	3.999.096 kr.	5.998.644 kr.	6.998.418 kr.	6.998.418 kr.
	tekjur á ári hjón	5.998.644 kr.	8.997.966 kr.	10.497.627 kr.	10.497.627 kr.

¹ <https://www.skagafjordur.is/static/files/Samtykkir/2016/reglur-um-fjarhagsadstod-nytt-april-2016.pdf>

² <https://www.skagafjordur.is/static/files/Samtykkir/2020/reglur-um-husnaedismal-2020.pdf>

³ <https://www.skagafjordur.is/static/files/Samtykkir/2018/reglur-um-serstakan-husnaedisstudning.pdf>

Akrahreppur

Akrahreppur hefur gert samning við sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa. Meðal verkefna sem félagsráðgjafinn mun sinna snýr að:

- Félagslegri ráðgjöf
- Fjárhagsaðstoð
- Félagslegri heimaþjónustu

Íbúar í Akrahreppi hafa hingað til ekki greitt fyrir heimaþjónustu. Ekki eru í gildi reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar eða úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu en sveitarfélögum er skylt að setja slíkar reglur, sbr. 21. og 47. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Verið er að skoða þessi mál.

Mögulegar breytingar í skólastarfi

Að mati samstarfsnefndarinnar er ekki gert ráð fyrir því að miklar breytingar yrðu á skólastarfi í Skagafirði ef til sameiningar sveitarfélaganna tveggja kæmi. Í ljósi þess mikla samstarfs milli sveitarfélaganna í málaflokknum er ekki gert ráð fyrir því að möguleg sameining hefði áhrif á almennt starfsfólk, nemendur, foreldra og kennara skólanna. Allar gjaldskrár eru eins og því munu þær ekki koma til með að breytast vegna sameiningar.

Mögulegar breytingar snúa því aðallega að innra starfi og skipulagi skólanna. Að mati nefndarinnar eru líkur til þess að sameining sveitarfélaganna leiði til einfaldari og skilvirkari ákvarðanatöku, auk þess sem auðveldara væri að tryggja jafnræði nemenda og að þeir fái sömu þjónustu.

Samkvæmt núverandi skipulagi hafa kjörnir fulltrúar í Akrahreppi lítil áhrif á ákvarðanatöku í ljósi þess að Sveitarfélagið Skagafjörður sér um rekstur og framkvæmd þjónustunnar. Með mögulegri sameiningu sveitarfélaganna væri hægt að leitast við að tryggja beina aðild að ákvarðantöku í skólastarfi.

Mögulegar breytingar í félagsþjónustu

Eins og áður hefur komið fram þá eru sveitarfélögin ekki að öllu leyti að reka félagsþjónustu í samstarfi sín á milli. Að mati nefndarinnar gæti möguleg sameining sveitarfélaganna því frekar haft í för með sér breytingar í félagsþjónustu heldur en fræðsluþjónustu. Ólíkar reglur gilda í sveitarfélögunum tveimur og því þyrfti að samræma regluverk í málaflokknum. Sameining sveitarfélaganna hefði, að mati nefndarinnar, líklegast í för með sér jöfnun á þjónustustigi auk þess sem samþætting þjónustu verði líklegast einfaldari. Í núverandi skipulagi eiga börn í Akrahreppi rétt á samþættri þjónustu frá Sveitarfélaginu Skagafirði þegar kemur að skólastarfi en ekki í félagsþjónustu og því myndast ákveðið ósamræmi og ójafnræði í þjónustustigi. Möguleg sameining sveitarfélaganna myndi jafna slíkt ósamræmi og sömuleiðis einfalda aðgengi íbúa að fagfólki.

Bæði sveitarfélög stefna að breyttri og bættri þjónustu við eldri borgara. Tækifæri og áskoranir liggja í þeim málaflokki, hvort sem af sameiningu þeirra verður eða ekki. Sameinist sveitarfélögin

Þá þarf að samræma gjaldskrár. Sameinist sveitarfélögin ekki þá þarf Akrahreppur að leggja mat á það hvort hefja eigi gjaldtöku í heimaþjónustu. Tækifæri eru til að bjóða eldri borgurum heitan mat í tengslum við mótuneyti skólanna. Fjarlægðir og mönnun við akstur eru þó áskoranir sem mikilvægt er að hafa í huga.

Utanaðkomandi áskoranir eru í málaflokknum, hvort sem af sameiningu verður eða ekki. Auknar kröfur hins opinbera þegar kemur að faglegri þekkingu og þjónustu leiðir m.a. til þess að sífelld áskorun er að manna stöður til að sinna þjónustunni. Komi til sameiningar sveitarfélaganna er einnig áskorun að sinna jafnri þjónustu til allra íbúa, í dreifbýli sem og þéttbýli.

Samantekt

Að mati samstarfsnefndarinnar er ekki von á því að möguleg sameining sveitarfélaganna hafi í för með sér miklar breytingar í fræðslumálum. Mikið samstarf er nú þegar í málaflokknum og því ætti möguleg sameining aðallega að hafa í för með sér hagræðingar- og skilvirknisáhrif á innra starfi skólanna og einfalda og jafna þjónustu við íbúa svæðisins.

Helst eru möguleikar á breytingum í félagsþjónustu sveitarfélaganna tveggja. Endurskoða þyrfti reglur og verklag sem hefur ýmis tækifæri, en einnig áskoranir sérstaklega varðandi mönnun og fjarlægðir, í för með sér. Sífelld meiri kröfur eru gerðar um faglega þekkingu þegar kemur að félagsþjónustu sveitarfélaganna og með mögulegri sameiningu eru tækifæri til að samræma og auka faglega félagsþjónustu á öllu svæðinu.